

# AUGLÝSING

## um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 1990-2010, viðauki.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 30. desember 1997 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 1990-2010, viðauki, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Um er að ræða eftirtaldar breytingar:

- Lóð Hitaveitu Suðurnesja stækkar til suðurs.
- Inn kemur svæði fyrir ylrækt og léttan iðnað austan Grindavíkurvegar.
- Lögun og stærð lóðar fyrir heilsu- og ferðaþjónustu breytist skv. þegar auglýstu deiliskipulagi frá mars 1996.
- Lögun iðnaðarlóðar norðan lóns breytist (minnkar) skv. auglýstu deiliskipulagi frá mars 1996.
- Reiðstígur meðfram Grindavíkurvegi kemur inn skv. nýja deiliskipulaginu.
- Auk þess eru settar inn nýjar upplýsingar/staðreyndir s.s. um línulagnir, náttúru-minjaskrá, skógrækt o.fl.

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfisráðuneytinu, 31. desember 1997.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingimar Sigurðsson.*